

Sp.

134. Tillaga til þingsályktunar

[103. mál]

um endurskoðun reglugerðar um hina almennu deild hlutatryggingasjóðs bátaútvegsins.

Flm.: Halldór Ásgrímsson, Gísli Guðmundsson.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að láta endurskoða reglugerð frá 15. nóv. 1951, um hina almennu deild hlutatryggingasjóðs bátaútvegsins, og leita við þá endurskoðun umsagnar kunnugra manna í verstöðvum landsins, einkum á Norðausturlandi. Réttur manna til bóta úr sjóðnum fyrir árið 1951 geymist þar til þessi endurskoðun hefur farið fram, en henni skal lokið fyrir 1. maí n. k.

Greinargerð.

Lög um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins gengu í gildi 25. maí 1949. Samkvæmt 3. gr. þeirra laga skiptist sjóðurinn í tvær deildir, sildveiðideild og almenna fiskideild. Tekjuöflun sjóðsins skyldi hefjast við gildistöku laganna, en ekki var gert ráð fyrir, að bótagreiðslur hæfust fyrr en a. m. k. ári eftir gildistöku. Skyldi þá greiða bæturnar samkvæmt reglugerð eða reglugerðum, sem settar yrðu samkvæmt lögnum. Sjóðstjórninni, sem skipuð er þrem mönnum, var ætlað að semja reglugerðirnar, en jafnframt var staðfesting þeirra bundin við samþykki Landssambands ísl. útvegsmanna, Alþýðusambands Íslands og Fiskifélags Íslands. Reglugerðin um sildveiðideildina var gefin út 26. okt. 1950, en reglugerðin um almennu fiskideildina (eða almennu deildina, eins og deildin er þar kölluð) kom ekki út fyrr en 15. nóv. 1951, eða nálægt hálfu þriðja ári eftir að löggin gengu í gildi, og var ekki hægt að greiða bætur samkvæmt henni vegna útgerðar á árinu 1950, þar sem það var fram tekið, að ákvæði hennar „taka til tímabilsins frá 1. janúar 1951“. Þeir, sem orðið höfðu fyrir aflabresti á sumar- og haustvertíð 1950, gátu því ekki orðið bóta aðnjótandi samkvæmt reglugerð þessari.

Enda þótt langan tíma tæki að búa reglugerð þessa til staðfestingar, ber hún því miður ekki vott um svo mikinn kunnugleika á staðháttum um land allt sem æskilegt væri. Að áliti flm. þessarar tillögu eru a. m. k. bátar af sumum stærðum á Norðausturlandi svo að segja útilokaðir frá bótum, ef reglugerðin á að standa óbreytt. Er því lagt til, að ríkisstjórnin láti endurskoða reglugerðina með aðstoð kunnugra manna, og sérstaklega bent á Norðausturland í því sambandi.